



## 6. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Fimmtudaginn 14. september 2006, kl. 17:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson, setti fund og stjórnaði honum.  
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Frá fjárlaganefnd Alþingis.
2. Minnisblað frá Landslögum vegna beitolanda H1 og H2.
3. Erindi frá stjórn Kirkjugarðsins á Blönduósi.
4. Erindi frá eiganda Blöndubýggðar 12.
5. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. **Frá fjárlaganefnd Alþingis.**  
*Nefndin gefur sveitarstjórnarmönnum kost á að eiga fund með nefndinni. Fundur forsvarsmanna Blönduóssbæjar verður 25. september nk.*
2. **Minnisblað frá Landslögum vegna beitolanda H1 og H2.**  
*Minnisblaðið lagt fram. Bæjarráð sér ekki ástæðu til endurupptöku málsins sbr. bókun frá 14. febrúar 2006. Bæjarstjóri eigi fund með Guðmundi Eyþórssyni og kynni honum niðurstöðu málsins.*
3. **Erindi frá stjórn Kirkjugarðsins á Blönduósi.**  
*Óskað er aðstoðar sveitarfélagsins við að bæta aðgengi og aðkomu að kirkjugarðinum. Bæjarráð samþykkir erindið m.v. fyrirliggjandi kostnaðartölur.*
4. **Erindi frá eiganda Blöndubýggðar 12.**  
*Þess er farið á leit að fasteignin verði skilgreind í fasteignamati sem íbúðarhúsnæði en skv. núverandi skipulagi er um iðnaðarhúsnæði að ræða.*  
  
*Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti en vísar því til umsagnar í skipulags-, byggingar- og veitunefnd.*
5. **Önnur mál.**
  - a. **Kynning á verslunar-, þjónustu- og skrifstofuhúsnæði að Norðurlandsvegi 4.** *Mættur er til fundarins Björn Þór Kristjánsson til að kynna hugmyndir um byggingu þjónustukjarna við Norðurlandsveg 4. Að lokinni kynningu vék Björn Þór af fundi.*
  - b. **Aflaskýrsla Hjallaness ehf.** *Fram lagt yfirlit yfir landanir Óla Hall HU 14 vegna byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2005/2006.*
  - c. **Umræður urðu um fyrirkomulag útboða/tilboða.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Héðinn Sigurðsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)  
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Fundi slitið kl. 18:40.  
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:  
Jón Örn Stefánsson (sign.)